

Lestrarstefnan (2018)

Stefna Grunnskólans á Hellu varðandi læsi

- Lestur og skilningur á rituðu máli eru grunnþættir í allri menntun. Skólinn leggur því mikla rækt við lestrarkennslu nemenda á öllum aldurstigum.
- Allir foreldrar barna í 1. bekk mæti á námskeið að hausti um lestrarkennslu og lestrarþjálfun.
- Auk almenns lesturs á námsefni, er yndislestur hluti af daglegum skóladegi nemenda.
- Lestrarkennsluefni er valið í samræmi við lestrargetu og áhuga hvers og eins.
- Allir nemendur skulu lesa heima a.m.k. 10-15 mínútur á dag, fyrir einhvern fullorðinn, sem kvittar fyrir lestrinum.
- Bókasafn skólans gegnir lykilhlutverki varðandi aðgang nemenda að fræði- skemmti- og fagurbókmenntum.
- Árlega er unnið með íslenskt mál á fjölbreyttan hátt í tengslum við Dag íslenskrar tungu.
- Árlega er tímabundið lestrarátak í öllum bekkjum í viðbót við hefðbundið lestrarnám.
- Á hverju skólaári er leitast við að fá rithöfund í heimsókn til kynningar á verkum sínum til að efla lestraráhuga nemenda.
- Skólinn fagnar degi barnabókarinnar í byrjun apríl með þátttöku í verkefni IBBY á Íslandi.
- Við annaskil er framkvæmt mat á lestrarfærni (lestrarhraða og lesskilningi) allra nemenda.
- Skólinn leggur áherslu á að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur í lestrarferlinu. Ef um erfiðleika er að ræða er leitað til sérfræðinga Skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.

Lestrarviðmið

Grunnskólinn Hellu ásamt fleiri skólum tók þátt í að móta þau lestrarviðmið sem lesfimiþróf Menntamálastofnunar byggja á og hyggst skólinn nú nýta sér þau viðmið í námsmati sínu í lestri.

Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Skilgreining á lesrarnákvæmni nú er hlutfall rétt lesinna orða miðað við heildarfjölda lesinna orða en ekki atkvæða.

Á vef Menntamálastofnunar má lesa að þessi leið var valin til að auðvelda samanburð við önnur lönd og einnig til að koma í veg fyrir mismunandi talningu villna því sumir skólar töldu villur eftir atkvæðum en aðrir eftir orðum.

Niðurstöður lesfimiþrófanna verða skráðar í mentor ásamt mynd sem sýnir þróun lesferils nemandans og þar má sjá hvort viðkomandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að í hverjum bekk. Þessi skráning er aðgengileg foreldrum.

Á einkunablað nemenda verður skráður fjöldi lesinna orða á mínútu.

Meðfylgjandi er tafla frá Menntamálastofnun sem útskýrir hlutfall nemenda og lestrarviðmið sem stefnt er að í hverjum bekk að vori.

Viðmið 1: Stefnt er að því að 90% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Viðmið 2: Stefnt er að því að 50% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Viðmið 3: Stefnt er að því að 25% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Tafla 1. *Mái-viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.*

Bekkur	Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3
	90%	50%	25%
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Matstæki

Bekkur	Nóvember	Febrúar	Mái
Lestrarhraði	Lestrarkönnun 1	Lestrarkönnun 2	Leið til læsis A-1: Lesfimi og sjónrænn orðaforði
Lesskilningur	Læsi f. 1.b. 1. hefti	Læsi f.1.b. 2. hefti	Læsi f.1.b. 3. hefti
Lestrarhraði	Raddlestrarþróf Margrétar Þ. f. 2.b.	Leið til læsis B-1: Lesfimi og sjónrænn orðaforði	Leið til læsis B-2: Lesfimi og sjónrænn orðaforði
Lesskilningur	Lestur-lestrargrein./ Lesskilningspr. V&Ð	Læsi f. 2.b. 1. hefti	Læsi f.2.b. 2. hefti
Lestrarhraði	Raddlestrarþróf Margrétar Þ. f. 3.b.	Leið til læsis C-1: Lesfimi og sjónrænn orðaforði	Leið til læsis C-2: Lesfimi og sjónrænn orðaforði
Lesskilningur	Orðarún 3.b. 1.próf.	Orðarún 3.b. 2.próf	Gömul samr.pr. f. 4.b.
Lestrarhraði	Raddlestrarþróf Margrétar Þ. f. 4.b.	Leið til læsis D-1: Lesfimi og sjónrænn orðaforði	Leið til læsis D-2: Lesfimi
Lesskilningur	Lesskilningspr. MMS 4.b.	Orðarún 4.b. 1.próf	Orðarún 4.b. 2.próf

bekkur			
Lestrarhraði	Lesfímistöðupr. 1, 5.b	Lesfímistöðupr. 2, 5.b	Raddlestrarpróf Margrétar Þ. f. 5.b.
Lesskilningur	Lesskilningspr. MMS 5.b.	Orðarún 5.b. 1.próf	Orðarún 5.b. 2.próf
Lestrarhraði	Lesfímistöðupr. 1, 6.b	Lesfímistöðupr. 2, 6.b.	Raddlestrarpróf Margrétar Þ. f. 5.b.
Lesskilningur	Lesskilningspr. MMS 6.b.	Orðarún 6.b. 1.próf	Orðarún 6.b. 2.próf
Lestrarhraði	Lesfímistöðupr. 1, 7.b	Lesfímistöðupr. 2, 7.b.	Raddlestrarpróf Margrétar Þ. f. 5.b.
Lesskilningur	Lesskilningspr. MMS 7.b.	Orðarún 7.b. 1.próf	Orðarún 7.b. 2.próf
Lestrarhraði	Lesfímistöðupr. 1, 8.b	Lesfímistöðupr. 2, 8.b.	Raddlestrarpróf Margrétar Þ. f. 5.b.
Lesskilningur	Lesskilningspr. MMS 8.b.	Orðarún 8.b. 1.próf	Orðarún 8.b. 2.próf
9. bekkur			
Lestrarhraði	Lesfímistöðupr. 1, 9.b	Lesfímistöðupr. 2, 9.b.	Raddlestrarpróf Margrétar Þ. f. 5.b.
Lesskilningur	Lesskilningspr. MMS 9.b.	Gömul samr.pr. f. 10.b.	Gömul samr.pr. f. 10.b.
10. bekkur			
Lestrarhraði	Lesfímistöðupr. 1, 10.b	Lesfímistöðupr. 2, 10.b.	Raddlestrarpróf Margrétar Þ. f. 5.b.
Lesskilningur	Lesskilningspr MMS 10.b	Gömul samr.pr. f. 10.b.	Gömul samr.pr. f. 10.b.

Auk þessa eru eftirfarandi skimunarpróf lögð fyrir:

1. bekkur, október: *Leið til læsis*.
3. bekkur, apríl: Hluti af LOGOS prófi.
6. bekkur, janúar: Hluti af LOGOS prófi.
9. bekkur, sept./okt. GRP-14.

Þeir nemendur 1. bekkjar sem koma illa út úr *Leið til læsis fara í einstaklingsmat hjá sérkennara* þar sem prófið Hljóðfærni er lagt fyrir.

Niðurstöður samræmdra prófa í íslensku í 4. 7. og 10. bekk skoðaðar vel og unnið út frá niðurstöðum fyrir hvern og einn.